

Ólafur Magnús Schram  
Gufudal 4  
816 Ölfus

Reykjavík, 20. desember 2019  
UST201912-075/H.H.  
09.08.02

### **Efni: Umsókn um leyfi - Akstur utan vega - Öræfi**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ólafs Magnúsar Schram, dagsett 6. desember 2019, um leyfi til aksturs utan vega í Öræfum.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvíkmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Gera á heimildarmynd um Páskaferðir í Öræfin, en þessar ferðir voru farnar fyrst fyrir rúnum 60 árum og voru á sínum tíma brautryðjandi varðandi umferð bíla og samgang milli héraða. Mikilvægt er að fá upplýsingar frá fólk sem kom að þessum ferðum og festa þennan fróðleik á filmu. Tvö af þeim fyrirtækjum sem stunduðu þessar ferðir eru enn starfandi í dag og hafa fyrir að ráða rútur sem voru notaðar í þessar ferðir. Tvær þeirra eru að fara á söfn og verða þar með friðlystar en vilyrðin hefur fengist til að nota þær fyrst. Tökur fyrir heimildamyndina eiga að fara fram páskana 2020 eða þann 9. apríl. Óskað er eftir að vera með að hámarki 15 bíla með í för.

Varðandi aura sem aka þarf um þá krefst umsækjandi meðvitaður um röskun, skemmdir og óafturkræfanlegt tjón á náttúru og gróðri. Mesti hluti leiðar fer fram á slóðum, heimreiðum og gömlum þjóðvegum, en þó er kafli leiðarinnar sem er utan vegar.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni hafa misjöfn áhrif eftir svæðum.

Sóst er eftir því að aka utan vega og þvera Djúpá, Núpsá og Fjallsá. Áformað er að, ekið verði eftir gömlum þjóðvegum um Mýrdalssand, Eldhraun og Skeiðarársand.

Við Djúpá í Skaftáhreppi er áformað að ekið verði að Kálfafelli og þaðan að gömlu brúnni. Þar verður síðan farið á slóðum niður á áraurana, yfir ánnu og upp á þjóðveg. Áhrif verða lítil sem engin.

Við Núpsá/Núpsvötn er áformað að ekið verði norður frá hringvegi vestan á vegi sem liggar að Núpsstaðaskógi. Úm er að ræða töluverða vegalengd yfir ála Núpsár og Súlu

(lágmark 1,6 km) og að nær öll leyti verður ekið á ósnertum söndum. Vatnsföllin sjálf þekja ekki nema lítin hluta auranna því væri ekið á vegaleysum um sandana. Ummerkja utanvegaaksturs gæti gætt í töluverðan tíma.

Við Fjallsá liggja engir slóðar, hvorki neðan þjóðvegs né ofan. Ekið yrði á ósnortu landi sem er hálfgróið og erfitt yrði að afmá för af öllu leyti, svo áhrifin yrðu til lengri tíma. Við Fjallsá væri þó hægt að aka upp gamla þjóðvegin sem liggur upp að lóninu og þar þvera Fjallsá, við gamla brúarstæðið. Við það yrði akstur á ósnortu landi í algjöru lágmarki.

Umferð er mikil um þau svæði sem ekin verða. Aksturinn yfir bæði Djúpá og Núpá mun blasa þeim sem aka hringveginn á sama tíma.

Þá er Fjallsárlón vinsæll áningastæður ferðamanna í næsta nágreni við það svæði sem sóst er eftir að aka um við Fjallsá, sem einnig blasir við af hringveginum.

Annarsstaðar er ekið á malarslóðum sem umferð erum að einhverju leyti.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Ólafi Magnús Schram fyrir sitt leyfi fyrir akstri utan vegar á þeim stöðum sem nefnir eru hér að ofan. **Umhverfisstofnun hafnar þó beiðni um að þvera Núpsá. Akstur við Fjallsá skal takmarkast við gamla þjóðveginn** sbr. lýsingu hér að ofan 9. apríl 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Til að koma í veg fyrir að kvíkmyndin/auglýsingin hvetji til utanvegaaksturs þá fer Umhverfisstofnun fram á að í henni verði þess getið að akstur utan vega sé óheimill á Íslandi nema skilyrt heimild eða leyfi komi til frá Umhverfisstofnun.
- Ekki skal aka yfir gróið land. Eftir fremsta megni skulu bílar aka í röð, svo einungis einn slóði myndast þar sem ekið yrði utan vega.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður annar en sá sem leyfið nær til.
- Forðast skal allt óþarfa rask.
- Afmá skal öll förlum um utanvegaakstur.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæranleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfallst



Sigrún Agútsdóttir  
settur forstjóri



Daníel F. Jónsson  
sérfræðingur